

Mánudaginn 8. ágústmán.

Nr. 11/1898: Hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps
 gegn
 bæjarstjórn Reykjavíkur.

D ó m u r :

Með lögum nr. 5, 23. febr. 1894, voru jarð-
 irnar Laugarnes og Kleppur í Seltjarnarneshreppi
 lagðar undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag
 Reykjavíkur kaupstaðar frá fardögum 1894, og er
 í 2. gr. laga þessara kveðið svo á, að frá sama
 tíma (þ: fardögum 1894) taki Reykjavíkurbær að
 sjer svo mikinn hluta af skuldum og ómagafram-
 færslu Seltjarnarneshrepps, sem svarar lausafjár-
 tíundum og aukaútsvörum frá þessum jörðum ept-
 ir meðaltali áranna 1889—1894 að rjettri tiltölu
 við meðaltal lausafjártíunda og aukaútsvara hrepps-
 ins á sama tímabili. Bæjarfógetinn í Reykjavík
 hefur reiknað út hluta þann af skuldum og ó-
 magaframfærslu hreppsins, sem kaupstaðurinn
 samkvæmt þessum lögum átti að taka að sjer, og
 reiknaðist honum það á þá leið, að Reykjavíkurbær
 ætti að greiða $\frac{1}{27}$ hluta af skuldum hrepps-
 ins, eins og þær voru í fardögum 1894, eða 60 kr.
 25 a., og sömuleiðis $\frac{1}{27}$ hluta, eða 44 kr. 87 a.,
 af tillagi hreppsins til ómagaframfærslu á sama
 tíma. Þennan reikning hefur hreppsnefndin sam-
 þykkt, og Reykjavíkurbær hefur greitt sinn hluta
 af skuldum hreppsins, 60 kr. 25 a.; en er bæjar-
 stjórnin ætlaði að greiða tillagið til ómagafram-
 færslunnar, kom upp ágreiningur milli hennar og
 hreppsnefndarinnar, og varð því ekkert af greiðsl-

unni. Hreppsnefndin heldur því fram, að tillagið úr bæjarsjóði Reykjavíkur til ómagaframfærslu Seltjarnarnesshrepps, að upphæð 44 kr. 87 a., sje ævarandi árlegt gjald og gjörir kröfu í þá átt á hendur bæjarstjórninni; bæjarstjórnin hefur af sinni hálfu mótmælt því, að gjald þetta verði skodað sem skattur á bæjarsjóði um aldur og æfi, en hefur haldið því fram, að Reykjavíkurbær annaðhvort taki til framfæris að nokkru eða öllu leyti, eptir því sem með þarf til lúkningar hinu hlutfallslega tillagi, einn af ómögum hreppsins, svo lengi sem hann þarfnast styrks, en þar eptir falli tillagið burtu, eða að hann greiði tiltölulegan part, $\frac{1}{27}$ hluta árlega, af framfærslukostnaði allra þurfalinga hreppsins, sem sveitarstyrks nutu í fardögum 1894, meðan þeir eru á sveit. Ut af þessum ágreiningi hóf hreppsnefndin í Seltjarnarnesshreppi í janúarm. 1897 lögsókn á móti bæjarstjórn Reykjavíkur til þess að fá hana dæmda til að greiða ómagafærslu-tillögin fyrir bæði fardagaárin 1894/95 og 1895/96, 44 kr. 87 a. fyrir hvort árið, en með dómi bæjarþingsrjettar Reykjavíkur, uppkvednum 29. aprílm. f. á., hlaut málið þau úrslit, að bæjarstjórn Reykjavíkur á að greiða Seltjarnarnesshreppi, ásamt vöxtum 4% frá sáttakærudegi, $\frac{1}{27}$ af framlagi hreppsins fardaga-árin 1894/95 og 1895/96 til ómaga þeirra og þurfamanna, sem rjett sinnu til framfærslu af hreppnum eiga að rekja til tímans fyrir fardaga 1894; málskostnaður var látinn falla niður, og hinum skipaða málstærslumanni hreppsnefndarinnar, sem hafði fengið gjafsókn, voru dæmdar 15 kr. í málstærslukaup af al-

mannafje. Þessum bæjarþingsdómi hefur hreppsnefndin skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 15. febr. þ. á., og hefur hún fengið gjafsókn til áfrýjunarinnar og skipaðan málfutningsmann. Hefur málfutningsmaðurinn gjört þær rjettarkröfur fyrir yfirdóminum, að bæjarstjórn Reykjavíkur verði dæmd til að greiða til Seltjarnarnesshrepps hið áfallna árlega framfærslutillag, sem um er rætt í 2. gr. laga 23. febr. 1894, með 44 kr. 87 a. árlega, ásamt 4⁰/₁₀ vöxtum frá sáttakærudegi, svo og allan málskostnað fyrir báðum rjettum, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Af hálfu hinnar stefndu bæjarstjórnar hefur þess verið krafizt, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, og hreppsnefndin dæmd til að greiða hæfilegan málskostnað eptir mati yfirdómsins.

Eins og þegar hefur verið tekið fram, er eigi neinn ágreiningur milli málsaðilanna um það, hvernig skilja beri þessi orð í hinni tilvitnuðu lagagrein: »Frá sama tíma tekur Reykjavíkurbær að sjer svo mikinn hluta af skuldum Seltjarnarnesshrepps, sem svarar« o. s. frv., en ágreiningurinn er eingöngu um skilning ákvæðisins, að svo miklu leyti það ræðir um ómagaframfærsluna (»Frá sama tíma tekur Reykjavíkurbær að sjer svo mikinn hluta af ómagaframfærslu Seltjarnarnesshrepps, sem svarar« o. s. frv.). Lagagreinin ákveður sumpart, hvaða skuldagreiðslu bærinn tekur að sjer fyrir hreppsins hönd, og sumpart, hve mikinn hluta hann tekur að sjer af ómagaframfærslu hreppsins í notum þess, að 2 jarðir eru

teknar frá hreppnum og lagðar undir bæjarfjelagið um óákveðinn tíma eða um aldur og æfi, en hún ákveður ekkert um, hvort það eru skuldir hreppsins, eins og þær voru í fardögum 1894, eða ómagaframfærsla hreppsins, eins og hún var á sama tíma, sem Reykjavíkurbær á að greiða tiltölulegan hluta af. En eins og það er edlilegast, að lagagreinin eigi við skuldir hreppsins í fardögum 1894 — og báðir málspartar eru sammála um að svo sje — eins verður og að álíta, að sama sje um ómagaframfærsluna, því lagagreinin fer alveg sömu orðum um hana eins og um skuldirnar. Yfirdómurinn verður því að líta svo á, að lög nr. 5, 23. febr. 1894, hafi ekki ætlazt til, að Reykjavíkurbæ bæri um aldur og æfi að greiða tiltölulegan hluta af ómagaframfærslu Seltjarnarnesshrepps, heldur að eins tiltölulegan hluta af framfærslu ómaga þeirra, sem voru á sveit í fardögum 1894.

Hjeraðsdómurinn kveður, eins og áður er sagt, svo á, að bæjarstjórn Reykjavíkur eigi að greiða áfrýjanda $\frac{1}{27}$ hluta með 4% vöxtum frá sáttakærudegi af framlagi hreppsins fardagaáriu 1894/95 og 1895/96 til ómaga þeirra og þurfa-manna, sem rjett sinn til framfærslu af hreppnum eiga að rekja til tímans fyrir fardaga 1894, og með því að hin stefnda bæjarstjórn hefur fyrir yfirdómi krafizt, að hjeraðsdómurinn verði staðfestur, og yfirdómurinn að öðru leyti fellst á ákvæði hjeraðsdómsins um málskostnað og málsfærslulaun hins skipaða talsmanns áfrýjanda fyrir hjeraðsdómi, ber að öllu leyti að staðfesta hann.

Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir rjett að falli niður. Hinum skipaða talsmanni áfrýjanda fyrir yfirdómi verða eptir þessum úrslitum málsins ekki dæmd nein málflytningislaun. Að því málið hefur verið flutt með gjafsókn, vottast að rekstur þess hefur verið vitalaus.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 7/1898: Guðfinna Gísladóttir og Finnur
Gíslason
gegn

Skiptaráðandanum í dánarbúi Gísla heitins Þormóðssonar, sýslumanni Franz Siemsen fyrir hönd dánarbúsins, og Magnúsi Blöndal.

Dómur:

Eptir að erfingjarnir í dánarbúi Gísla heitins Þormóðssonar — en meðal þeirra eru áfrýjendurnir og hinn stefndi Magnús kaupmaður Blöndal fyrir hönd konu sinnar — höfðu á skiptafundi, er haldinn var í búinu 28. febr. 1894, komið sjer saman um, hve mikið hver af erfingjunum — þar á meðal einnig Magnús Blöndal eða kona hans — skyldu teljast hafa fengið úr búinu upp í